

BREYTING Á DALVEGI, KÓPAVOGI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á tengibrautinni Dalvegi í Kópavogi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Minnt er á að niðurrif húsa er leyfisskyld starfsemi skv. 1. mgr. 9. gr. mannvirkjalag nr. 160/2010 og gr. 2.3.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en leyfi til framkvæmda eru veitt þarf að liggja fyrir breyting á deiliskipulagi og er sú breyting háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Kópavogsbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. mars 2013.

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 4. janúar 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Kópavogsbæ um fyrirhugaða breytingu á Dalvegi, sem er tengibraut, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og töluliði 10 i og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og barst umsögnin með bréfi dags. 5. febrúar 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 6. febrúar 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að framkvæmdin felist í breikkun á tengibrautinni Dalvegi um eina akrein til suðurs og gerð tveggja hringtorga. Í tengslum við breytingar á Dalvegi verði lögð ný gata á milli lóða Dalvegar 24 og 26, gatnamótum milli Dalvegar 18 og 24 lokað og nýr göngustígur lagður norðan lóðar SORPU. Fyrsti áfangi feli í sér gerð hringtorgs við gatnamót milli Dalvegar 14 og 16A til móts við móttökustöð SORPU. Annar áfangi feli í sér gerð hringtorgs við gatnamót á milli Dalvegar 24 og 26 og lagningu nýrrar götu milli lóða 24 og 26.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að umferð um Dalbraut hafi aukist á undanförunum árum samfara uppbyggingu atvinnuhúsnæðis við Dalbraut og sé nú um 14.000 bílar á sólarhring. Á framkvæmdatíma muni flæði umferðar raskast en að framkvæmdinni lokinni muni umferðarflæði batna, það muni hægja á umferðinni og umferðaröryggi verða meira.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem hafi verið lögð fram til kynningar í skipulagsnefnd Kópavogs þann 18. september 2012.

Tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta umferðarflæði og um leið auka umferðaröryggi.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis telur ekki líkur á að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis telur að staðsetning, landnotkun og hugsanleg áhrif vegna umfangs framkvæmdar, mengunar og ónæðis sé innan þeirra marka að það kalli á að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum. Ljóst sé að rífa þurfi hús að Dalvegi 24 og er minnt á að það er leyfisskyld skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Vakin er athygli á ákvæðum reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlana en ljóst megi vera að núverandi umferð um Dalveg og áætluð aukin umferð, sé yfir viðmiðunarmörkum um gerð hávaðakorta og aðgerðaráætlana. Bent er á að ekki komi fram í gögnum málsins hvort vinna samkvæmt reglugerðinni hafi farið fram eða sé áformuð.

Í svörum Kópavogsbæjar kemur fram að sótt verði um leyfi heilbrigðisnefndar til niðurrifs á húsi þegar þar að kemur í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.

Kortlagning hávaða á umferðarmestu götum Kópavogs hafi þegar farið fram í samræmi við reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir. Dalvegur hafi ekki verið hluti af þeirri kortlagningu en til standi að kortleggja hávaða fyrir vegi með umferð 3-6

milljón ökutækja á ári og þéttbýlissvæði með fleiri en 100.000 íbúa. Umferð á Dalvegi falli innan þeirra viðmiða og í kjölfar þess yrði unnið að aðgerðaráætlunum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á tengibrautinni Dalvegi í Kópavogi um eina akrein til suðurs og gerð tveggja hringtorga. Í tengslum við breytingar á Dalvegi verði lögð ný gata á milli lóða Dalvegar 24 og 26, gatnamótum milli Dalvegar 18 og 24 verði lokað og nýr göngustígur lagður norðan lóðar SORPU. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og töluliði 10 i og 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna framkvæmdaraðila og umsagnar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis að áhrif framkvæmdarinnar á núverandi landnotkun verði óveruleg. Aukinni umferð fylgir almennt aukinn hávaði en greiðara umferðarflæði, með hægari og jafnari umferðarhraða getur einnig dregið úr neikvæðum áhrifum af hávaða.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Kópavogsbæjar við tilkynningu, umsögn og viðbrögð Kópavogsbæjar vegna hennar. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á Dalvegi í Kópavogsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Minnt er á að niðurrif húsa er leyfis skyld starfsemi skv. 1. mgr. 9. gr. mannvirkjalag nr. 160/2010 og gr. 2.3.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en leyfi til framkvæmda eru veitt þarf að liggja fyrir breyting á deiliskipulagi og er sú breyting háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Kópavogsbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. mars 2013.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson